

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Ár 2023, fimmtudagur 14. desember var haldinn 27. fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi, Tjarnarbúð og hófst kl. 11.30. Fundinn sátu eftirfarandi fulltrúar: Árelía Eydís Guðmundsdóttir og Helga Þórðardóttir. Eftirtaldir fulltrúar tók sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Magnús Davíð Norðdahl, Ásta Björg Björgvinsdóttir, Friðjón R. Friðjónsson og Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir.

Einnig sát eftirfarandi embættismaður fundinn: Anna Kristinsdóttir

Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 7. desember 2023, um að Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir taki sæti í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði í stað Trausta Breiðfjörð Magnússonar. Jafnframt að Andrea Jóhanna Helgadóttir taki sæti sem varamaður í stað Ástu Þórdísar. MSS22060044

- Kl. 11. 33 tekur Helga Þórðardóttir sæti á fundinum.

2. Lagðar fram styrkumsóknir til mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. MSS23100060

Samþykkt að veita verkefninu Geltu! stuttmynd um hatursorðræðu, styrk að upphæð kr. 500.000,-

Samþykkt að veita verkefninu Kynjaþing, styrk að upphæð kr. 400.000,- vegna veitinga, táknmálstúlkun og tækniþjónustu.

Samþykkt að veita verkefninu Stafræn þróun og fólk með þroskahömlun, styrk að upphæð kr. 1.000.000,-

Samþykkt að veita verkefninu Sjúk ást og Sjúkt spjall, styrk að upphæð kr. 1.750.000,-

Samþykkt að veita verkefninu Mannflóran, hlaðvarpsþættir um fjölmenningu í íslensku samfélagi, styrk að upphæð kr. 250.000,-

Samþykkt að veita verkefninu ADHD á pólsku, styrk að upphæð kr. 250.000,-

Samþykkt að veita verkefninu Greeks in Iceland, styrk að upphæð kr. 250.000,-

Öðrum styrkumsóknum er hafnað.

3. Lögð fram greinagerð vegna styrk mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs árið 2022, fyrir verkefnið Gaman að læra íslensku. MSS22080022

4. Lagt fram fundadagatal mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs vor 2024. MSS22060205

Fundi slitið kl.11.44

Magnús Davíð Norðdahl

Árelía Eydís Guðmundsdóttir
Ásta Björg Björgvinsdóttir
Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir

Sabine Leskopf
Helga Þórðardóttir
Friðjón R. Friðjónsson